

Nr. 60.
3. nóv.

Lög

um

löggilta vigtarmenn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum landsins skulu vera löggiltir eiðsvarnir vigtarmenn, svo margir, sem þörf er á. Lögreglustjórar tilnefna þá, hver í sínu umdæmi, en Stjórnarráðið gefur þeim erindisbrjef. Landssjóður leggur þeim til stimpla og greiðist kostnaðurinn úr landssjóði.

2. gr.

Vottorð vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess, er vegið var.

3. gr.

Þóknun fyrir starfið greiða þeir, sem þá nota, eftir ákvæði lögreglustjóra, þó ekki minna en 75 aura um klukkustund.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S)

Einar Arnórsson.